

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sólveig Olga Sigurðardóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 17. apríl 2023
UST202304-123/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 og nýtt deiliskipulag - Útey 2

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi fyrir Útey 2

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að vestan Laugarvatnsvegar verði 7 ha. landbúnaðarlands við núverandi frístundabyggð verði breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð og 9 ha. frístundabyggðar nær vegi verði breytt í landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að austan vegar er verða skilgreind þrjú frístundasvæði alls 26 ha. og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Stefna sveitarfélagsins í aðalskipulagi

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis. Hér lögð fram aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagsáætlun á svæðum sem er verðmætt vegna náttúrufars, á svæðinu er mikilvægt fuglasvæði¹, votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum², vistgerðir sem hafa hátt verndargildi³ og á jaðri hverfisverndaðs votlendis og tjarna. Því er óljóst að mati stofnunarinnar hvort tillagan sé í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðinu austan vegar er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.⁴ Segir í greinargerð að votlendið sé m.a. umhverfis Ósholtið.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ <https://serstokvernd.ni.is/>

nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að til að komast að Ósholt mun vegurinn á um 170 m kafla fara um lítt raskað votlendi og skal hann því gerður með þeim hætti að jarðvatn geti sigið í gegnum hann án hindrana. Áhrif vegslóðans á votlendi teljast því óveruleg.

Þar sem tillagan mun raska votlendi sem nýtur sérstakrar verndar leggur Umhverfisstofnun áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu.

Apavatn

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðisstofnun (NÍ) hefur lagt til að Apavatn fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Samkvæmt NÍ eru helstu ógnir við svæðið vaxandi frístundabyggð, ferðamennska og hætta á mengandi frárennsli. Aðrar ógnir stafa af íbúabyggð, framræslu, hrossabeit, skógrækt, jarðhitanýtingu, vegagerð og bílaumferð. Samkvæmt mynd 2 er fyrirhugað frístundasvæði um 50 metra frá vatninu. NÍ leggur til að tryggja að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum. Til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þarf að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti 100 m fjarlægð frá þeim. Gæta að mengun frá íbúa- og frístundabyggð og tryggja að jarðhitanýting spilli ekki sérstæðum jarðhitasvæðum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur